



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 20. desember 2013

Tilvísun: 201311-0051

Efni: Frumvarp til laga um brottfall laga umnáttúruvernd, nr. 60/2013

Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd voru samþykkt á Alþingi í mars s.l. með þeim fyrirvara að fresta gildistöku þeirra um tæpt ár. Þegar eins viðamikilið frumvarp og heildarlög um náttúruvernd er lagt fram er mikilvægt að breið sátt náist um efnistöð þess þar sem skiptar skoðanir ólíkra hópa samfélagsins koma óhjákvæmilega fram.

ASÍ telur mikilvægt að Alþingi standi vörð um þau faglegu vinnubrögð sem einkennt hafa þá miklu og löngu undirbúningsvinnu sem að baki laga um náttúruvernd liggur, þar sem unnið var út frá þeirri forsendu að umhverfi er hin ytri náttúra umsköpuð af tæknilegu valdi mannsins.

Þegar nýtt frumvarp til heildarlaga um náttúruvernd var lagt fram fyrr á þessu ári fagnaði Alþýðusamband Íslands tilkomu þess, en benti á að mikilvægt væri að taka tillit til sjónarmiða þeirra atvinnugreina sem ættu beinna hagsmuna að gæta s.s. ferðapjónustu.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, reading 'Marianna Traustadóttir'.

Marianna Traustadóttir
sérfræðingur hjá ASÍ